

NOR- RÆN VEFJAR- LIST

Myndirnar hér á síðunni eru af myndvefnaði eftir sænska listakonu MARIU ADLERCREUTZ, en hún er ein af átta myndvefurum, sem sýnd verða verk eftir á sýningu á norrænni vefjarlist, sem er framlag Norræna hússins til Listahátíðar í Reykjavík 1974.

Maria Adlercreutz velur sér oft fréttamyndir dagblaða að fyrirmyndum og verk hennar eftir þeim hafa oft mikla pólitíska skírskotun. Simsendar fréttamyndir í blöðum eru oft ógreinilegar í samanburði við skýrar og nákvæmar myndir í auglýsingum, svo oft festast þær síðast-nefndu betur í minni og virðast jafnvel sannari og raunverulegri.

Maria tekur myndir úr blöðum, sem henni finnst ekki mega gleymast, bæði ómannúðlegar, óhugnanlegar myndir og fallegar, lifandi myndir.

Til þess að koma í veg fyrir að við gleymum þessum myndum vefur hún þær úr ilmandi, jurtalituðu ullargarni, sem hún litar í eigin litunarstofu. Mjúkur vefnaður minnir á hár og húð. Gróft net prentmyndanna endurspeglar í vefnaði hennar, sem er sterkur og hlýr, en gulnar ekki og rifnar í tætlur eins og fréttablöðin.

Auk Mariu taka þátt í sýningunni á norrænni vefjarlist Synnöve Anker Aurdal frá Noregi, Nanna Hertoft frá Danmörku og Irma Klukkasjarvi frá Finnlandi.

Verk eftir Synnöve prýða fjölmargar opinberar byggingar í Noregi og víðar. Henni hefur verið falið að vefa stórt veggteppi, sem Norðmenn ætla að gefa Íslendingum, og verður í nýju Þjóðarbókhöðunni.

Nanna sýndi fyrst á Kunsternes Efterårsudstilling 1960. Hún er félagi í „Koloristerne“ og hefur sýnt með þeim árlega að undanfögnu.

Irma Klukkasjarvi er yngst kvennanna átta f. 1941. Hún vefur gríðarstór teppi úr glertrefjum. Íslenzku listakonurnar, sem

þátt taka í sýningunni hafa allar haldið sjálfstæðar sýningar á verkum sínum og tekið þátt í samsýningum hérlandis og erlendis.

VIDDIS KRISTJANSDÓTTIR hefur haldið 10 sjálfstæðar sýningar hér á landi, tekið þátt í fjölda samsýninga utanlands og innan. Verk Vigdísar eru víða í opinberum byggingum og skólum. Þessa dagana er hún að leggja síðustu hönd á stórt veggteppi í tilefni Þjóðhátíðar, ofið eftir málverki Jóhanns Briem.

BARBARA ARNASON er fjölhæf listakona, sem fæst við marghliða listsköpun. Veggteppi, sem hún vinnur úr íslenskum lopa, hafa víða vakið athygli, m.a. í París, þar sem hún hefur haldið nokkrar sýningar.

A sýningunni í Norræna húsinu verða 5 teppi eftir Barböru. Öll eru þau gerð á síðustu árum, og hafa ekki verið sýnd opinberlega fyrr hér á landi.

ASGERÐUR BÚADÓTTIR hefur haldið þrjár einkasýningar og sýnt á samsýningum í Reykjavík og víða erlendis. Á sýningunni í Norræna húsinu verða 4 teppi. Þau eru öll gerð á síðustu árum, þar af tvö, sem Asgerður lauk við nú í vor.

HILDUR HAKONARDÓTTIR hélt fyrstu einkasýninguna í Galleri SÚM árið 1971, og hefur tekið þátt í samsýningum hér á landi og einnig erlendis, m.a. „SÚM á Listahátíð 1972“. Hildur sýnir 2 stór teppi á sýningunni í Norræna húsinu.

Þegar velja átti fulltrúa frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi til þess að taka þátt í sýningunni, var haft samráð við listasöfn og listaráð í viðkomandi löndum. Tilgangurinn með sýningunni er að sýna fjölbreytni í norrænni vefjarlist. Listamennirnir sem hér sýna verk sín, eru allir í hópi hinna fremstu á sínu sviði, hver í sínu landi.

Aðferðir þeirra og viðfangsefni eru mjög ólík.

— SJ.



Le Thi Rieng — „félagi í Þjóðfrelsinhreyfingu Suður-Vietnam, myrt af útsendurum frá Pentagon“ nefndir Maria Adlercreutz þetta teppi sitt. „Í augum hennar er varðveitt ljós fólksins“ heitir myndin ásamt annarri, sem heyrir henni til og birtist einnig hér.

„Nokkrar sekúndur eftir ólifaðar“ heitir þessi mynd, en hún ásamt mynd Le Thi Rieng hafa vakið mikla athygli eins og raunar fleiri verk Mariu Adlercreutz.



„Fjórar myndir frá þriðja heiminum“. Sú fyrsta er af Westmoreland: „Brettum upp ermarnar og ljúkum verkinu af“, en sú síðasta af Che Guevara. „Við stefnum alltaf að sigri“.

